

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Barnasjóð Stafholtstungna- 78
hrepps“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 30. júní 30. júní
1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Barnasjóð Stafholtstungnahrepps“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnasjóður Stafholtstungnahrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af gjöf Þuríðar Jónasdóttur frá Flóðatanga að upphæð kr. 5420.93 — fimm þúsund fjögur hundruð og tuttugu 93/100 — krónur og gjöf Ragnheiðar Magnúsdóttur, Vonarstræti 8, Reykjavík, að upphæð kr. 2994.83 — tvö þúsund níu hundruð níutíu og fjórar 83/100 — krónur.

3. gr.

Sjóðinn skal auka með því, sem hér segir:

- a. $\frac{1}{5}$ af árlegum vöxtum hans,
- b. gjöfum og áheimum, sem honum kunna að áskotnast,
- c. ágóða af skemmtunum eða öðru því, er hreppsnefndin eða aðrir kunna að gangast fyrir honum til styrktar.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund krónur — er þó ekki lengur skylt að leggja vextina við höfuðstólinn. Fjórir fimmtu vaxtanna koma árlega til úthlutunar, þó hefir hreppsnefndin heimild til að leggja þá við höfuðstólinn eitt og eitt ár í senn, ef meiri hluti hennar samþykkir það. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að styrkja uppeldi og fræðslu efnalitilla barna í hreppnum allt að 18 ára aldri. Þyki ekki ástæða til að veita styrkinn að öllu eða nokkru leyti slíkum börnum, má veita hann fátækum gamalmönnum, sem búsett eru í hreppnum og ekki hafa af sveit þegið, en fyrir sérstök veikindi eða óhöpp orðið ófær til að sjá fyrir sér sjálf.

5. gr.

Hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps hefir alla stjórn sjóðsins á hendi. Skal hún ávaxta hann á tryggum stað, samkvæmt tillögum sýslunefndar, ef óskað er.

Ef harðindi eða fjárhagsörðugleika ber að höndum, eða hreppurinn leggur í dýr nytjafyrirtæki, hefir hann þó heimild til að ávaxta sjóðinn sjálfur, þó ekki

78 með lægri vöxtum en annarsstaðar fást, en greiða skal hann æfinlega aftur svo
30. júní fljótt sem verða má.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Í hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps.

P.t. Svarfhóli 28. okt. 1933.

Brynjólfur Guðbrandsson.

Kristján F. Björnsson.

Tómas Jónasson.

Jósef Björnsson.

AUGLÝSING

um reglugerð um próf leikfimi- og íþróttakennara.

79

11. júlí

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 24 frá 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, er hérmeð sett eftirfarandi

REGLUGERÐ

um próf leikfimi- og íþróttakennara.

I. KAFLI

1. gr.

Hver sá, er fær fast starf eða er ráðinn sem leikfimi- eða íþróttakennari við ríkisskóla, eða skóla, sem ríkið styrkir, skal hafa lokið prófi eftir fyrirmælum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Kennaraefni skulu prófuð í eftirtöldum greinum og sýna með prófinu, að þau hafi numið í hverri grein, það sem þar er til tekið.

- a. Í íslenzku: Undirstöðuatriði málfræðinnar og sæmilega stafsetningu.
- b. Í uppeldisfræði: Hið sama og kennt er í Kennaraskólanum.
- c. Í líkamsfræði: Yfirlit um líkamsbyggingu mannsins svo sem beinagrind, beinatenging, vöðva, innnyfli, hjarta, æðar, heila og taugakerfi, húð og skynfæri.
- d. Í lífeðlisfræði: Starf helztu líffæra mannsins og áhrif íþróttá á það.
- e. Í heilsufræði: Aðalatriði almennrar heilsufræði, svo og „Hjálp í viðlögum“.
- f. Í fimleikafræði: Flokkun fimleikaæfinga og áhrif þeirra, æfingaval fyrir börn, konur og karla.
- g. Í fimleikaiðkunum: Æfingar við hæfi barna, unglinga og fullorðinna, bæði byrjenda og þeirra, sem lengra eru á veg komnir. Kunnáttu í að segja fyrir,